



Umhverfisstefna sveitarfélagsins Garðs

-Þar sem ferskir vindar blása-
2016

Garður er sveitarfélag, þar sem virðing er borin fyrir þeirri sérstöku náttúrufrægurð sem prýðir sveitarfélagið. Áhersla er lögð á verndun náttúruverðmæta og menningarmínja og hlúð er að fólki og umhverfi. Stefna Garðs er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum með hliðsjón af Staðardagskrá 21.

Markmið umhverfisstefnunnar:

- Að koma á virkri umsjón með umhverfismálum bæjarins og þess gætt að lögum um umhverfisvernd og hollustuhætti sé fylgt í öllum þáttum.
- Að áhersla á umhverfismál verði áberandi og sýnileg með samræmdri mynd fyrir allt bæjarfélagið. Til að ná þessu fram sé árleg stefna bæjarins sýnileg hvað varðar opinberar byggingar, opin svæði, iðnaðarsvæði, fyrirtæki, lóðir svo og hús og garða í einkaeigu.
- Þess sé gætt að fráveitumál fylgi lögum og reglugerðum þar um.
- Að fyrirtæki hafi ákveðna umhverfisstefnu og gæti að umhverfi sínu og ásýnd.
- Að auka fræðslustarf um umhverfismál fyrir íbúum, stofnunum og starfsfólki bæjarins.
- Að styðja við gott umhverfisstarf í leik og gunnskóla, grænánaverkefni og hvetja fyrirtæki bæjarfélagsins til að taka þátt.
- Að endurvinnsla sorps verði komið á og bæjarbúar hvattir og leiðbeint til að taka þátt í endurvinnslu.
- Að metnaður sé lagður í fræðslu og kynningu á samspili bæjarins við hafið og fjöruna og mikilvægi umhverfisverndar.
- Að strandlengjan sé varðveitt og byggð upp. Hún sé jafnframt hreinsuð með reglulegu millibili og Garðskagafjara sé hreinsuð á hverju vori fyrir Sólseturshátíð.
- Að Bræðraborgargarðinum sé vel við haldið og hann fái ákveðinn sess sem almenningsgarður og sé hluti af útivistarkennslusvæði fyrir leik- og grunnskóla.
- Að unnið sé að uppgræðslu í heiðinni, gryfjum lokað til að koma í veg fyrir gróðureyðingu og jarðvegsfok, hugað að gróðursetningu þar svo og á opnum svæðum í bæjarfélaginu.
- Sveitarfélagið Garður standi vörð um þær náttúru- og menningarmínjar sem í bænum eru, opin svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og sérkenni eldri hverfa.
- Íbúum sé tryggður aðgangur að hreinu vatni, hreinu lofti, náttúru og útivistarsvæðum.
- Starfsmönnum bæjarins skal tryggð heilsusamleg og örugg starfsskilyrði.